



## Minnisblað

<b>Viðtakandi</b>	Velferðarnefnd Alþingis	<b>Dagsetning</b>	14. maí 2024
<b>Sendandi</b>	Heilbrigðisráðuneytið	<b>Málsnúmer</b>	HRN23110172

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008 (ýmsar breytingar).

Velferðarnefnd Alþingis óskaði eftir minnisblaði frá heilbrigðisráðuneytinu þar sem fram komi afstaða ráðuneytisins til þeirra umsagna sem nefndinni hafa borist um 908. mál, sjúkratryggingar (ýmsar breytingar).

Persónuvernd fjallar í umsögn sinni m.a. um 14. gr. frumvarpsins, sem felur í sér breytingar á 29. gr. b laga um sjúkratryggingar, og leggur til að ákvæðið taki eingöngu til ópersónugreinanlegra upplýsinga. Ráðuneytið bendir á að Sjúkratryggingar geta ekki framkvæmt greiðslur með fullnægjandi hætti ef ekki liggja fyrir upplýsingar um notendur þjónustunnar, svo sem til að koma í veg fyrir tvígreiðslur. Markmiðum vinnslunnar, að tryggja réttan útreikning og kostnað, verður þannig ekki náð nema upplýsingar um notendur heilbrigðisþjónustu liggi fyrir.

Í umsögn Persónuverndar segir einnig að tillaga að nýrri 38. gr. a laganna sé víðtækari en svo að hún rúmist innan rökstuðnings í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi. Persónuvernd hafi lagt til að ákvæðið tilgreini ekki aðra veitendur heilbrigðisþjónustu en heilsugæslustöðvar eða aðrar skrár en þær sem nauðsynlegar séu til að reikna út hlutfall atvinnulausra á einstökum heilsugæslustöðvum. Ráðuneytið bendir í þessu sambandi á að fjármögnunarlíkön eru í dag aðeins notuð til útreiknings á fjármögnun til heilsugæslustöðva. Tillaga að orðalagi ákvæðisins veitir Sjúkratryggingum heimild til að greiða „fyrir heilbrigðisþjónustu, svo sem til heilsugæslustöðva“ á grundvelli fjármögnunarlíkana. Er ákvæðið opið að þessu leyti svo ekki þurfi nýja lagabreytingu ef fjármögnunarlíkön verða í framtíðinni notuð til að greiða fyrir aðra heilbrigðisþjónustu en þá sem veitt er á heilsugæslustöðvum. Hvað varðar upplýsingar vegna útreiknings greiðslna þá er um að ræða upplýsingar frá heilsugæslustöðvunum sjálfum, embætti landlæknis, auk Vinnumálastofnun. Eru upplýsingar frá þessum aðilum nauðsynlegar til að tryggja réttan útreikning greiðslna og því þörf á að hafa orðalag ákvæðisins opnara en svo að það taki aðeins upplýsinga úr atvinnuleysisskrá.

Varðandi umsögn Persónuverndar í tengslum við 13. gr. frumvarpsins þá er tilgangur söfnunar og skráningar upplýsinga í gagnagrunna ólíkur eftir því hvort um sé að ræða vinnslu hjá Sjúkratryggingum eða embætti landlæknis. Þá er landlækni ekki heimilt að hafa upplýsingar um fjárhæðir og greiðslur í sinni vörslu þar sem það samræmist ekki hlutverki embættisins. Eru þetta m.a. ástæðurnar fyrir því að hvor stofnunin um sig starfrækir sinn eigin gagnagrunn en að auki eiga við sjónarmið um aðskilnað hlutverka og upplýsingaöryggi. Það er liður í öryggisráðstöfunum Sjúkratrygginga, sem er ábyrgðaraðili þeirra upplýsinga sem skráðar eru hjá stofnuninni, að við framkvæmd lögbundinna verkefna séu upplýsingar varðveittar og nýttar með öruggum hætti og er það gert með rekstri gagnagrunns. Gagnagrunninum er þannig ætlað að tryggja örugga varðveislu gagna/upplýsinga og tryggja rétta skráningu/söfnun, aðgengi, rekjanleika, tiltækileika og gæði upplýsinga þar sem hagsmunir Sjúkratrygginga snúa að því að upplýsingar í gagnagrunninum séu réttar, tiltækar og varðar með fullnægjandi hætti.

Í 13. gr. frumvarpsins er gerð sú krafa að starfsmenn lyfjabúða samnýti ekki aðgang þannig að hægt sé að rekja aðgerðir tiltekinna starfsmanna og að lyfjabúðir skrái aðgerðir þannig að þær séu aðgengilegar. Flest viðskiptakerfi búa þegar yfir eiginleikum að halda utan um slíkar skráningar og ætti því ekki að koma til verulegs kostnaðar við umrædda skráningu. Þar sem slík skráning er ekki til hendi þurfa aðilar að ráðast í úrbætur til að tryggja öryggi og þurfa lyfjabúðir að útbúa slíkar lausnir í sínum hugbúnaðarkerfum. Loks bendir ráðuneytið á að ástæður þess vísun til Atvinnuleysistryggingasjóðs var tekin út í 19. gr. frumvarpsins er sú að gagnabeidnum er beint til Vinnumálastofnunar, og hefur sú verið raunin undanfarin ár.

Varðandi umfjöllun Persónuverndar um að sett verði ákvæði um eyðingu upplýsinga þá er ekki talið rétt að setja sérákvæði um eyðingu tiltekinna gagna sem Sjúkratryggingar byggja greiðslur á. Ef ljóst er að ekki er lengur þörf fyrir varðveislu slíkra gagna getur stofnunin kallað eftir heimild til eyðingar (grisjunar) frá Þjóðskjalasafni. Ljóst er að Sjúkratryggingar þurfa að varðveita umrædd gögn til að tryggja rekjanleika gagna og réttmæti útreikninga, m.a. fyrir skoðanir Ríkisendurskoðanda, um tiltekinn tíma. Ráðuneytið telur önnur atriði í umsögn Persónuverndar ekki gefa tilefni til sérstakra viðbragða.

Í umsögn Samtaka iðnaðarins, f.h. Tannsmíðafélags Íslands, er vísað til ákvæðis um svonefnd biðtímamál, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Er hvatt til þess að tímamörk ákvæðisins verði skilgreind. Ráðuneytið bendir á að sérfræðihópur Sjúkratrygginga metur hvort skilyrði séu fyrir því að samþykkja lækni meðferð erlendis vegna of langs biðtíma hér á landi. Við umsóknina þurfa að liggja fyrir upplýsingar um bið eftir aðgerð/meðferð hér á landi, vottorð sérfræðilæknis með rökstuðningi um að ekki sé ráðlagt að umsækjandi bíði lengur en í skilgreindan tíma vegna hugsanlegra skaðlegra áhrifa o.fl. Þá þarf að liggja fyrir að sjúkrahúsið sem veitir meðferð sé viðurkennd stofnun og að meðferðin sé gagnreynd. Tekur sérfræðihópurinn í framhaldinu afstöðu til umsóknarinnar m.t.t. ástands umsækjanda og framvindu sjúkdóms. Ráðuneytið bendir á að hvert biðtímamál er sérstakt og einstaklingsbundið mat lagt á hvort heimilt sé að sækja þjónustu erlendis. Þau sjónarmið sem sérfræðihópurinn horfir til eru í meginatriðum þau sem rakin voru en frekari upplýsingar um málsmeðferðina er að finna á vef Sjúkratrygginga.

Í umsögn Skattsins segir m.a. að mikilvægt sé að skýrt sé kveðið á um að upplýsingar sem stofnun hafi heimild til að afla frá Skattinum skuli afhenda þrátt fyrir þá sérstöku þagnarskyldu sem annars gildir um þær. Ráðuneytið telur rétt að bregðast við athugasemdinni með þeim hætti að á eftir málslið um heimild Sjúkratrygginga til að afla upplýsinga frá Fangelsismálastofnun um tímabil afplánunar, sbr. tillögu að 3. mgr. 34. gr., komi nýr málsliður, svohljóðandi; „Framangreindum aðilum er skylt að láta sjúkratryggingastofnuninni upplýsingarnar í té að því marki sem þær eru nauðsynlegar til að unnt sé að taka ákvörðun á grundvelli þeirra, óháð sérstakri þagnarskyldu.“

Varðandi slysatryggingu þá fer málsmeðferð vegna umsókna um bætur úr slysatryggingu almannatrygginga eftir ákvæði 3. mgr. 34. gr. laga um sjúkratryggingar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga. Í ákvæði 3. mgr. 34. gr. laganna segir nú að Sjúkratryggingum sé heimilt að afla upplýsinga um tekjur umsækjanda hjá skattfyrirvöldum. Raunin er hins vegar sú að Sjúkratryggingar eru einnig með aðgang að upplýsingum um hvort umsækjandi hafi hakað við heimilistryggingu í kerfi Skattsins, ef umsækjandi hefur sótt um bætur vegna slyss við heimilisstörf. Tilgangurinn er til að taka ákvörðun um hvort réttur sé til staðar skv. 8. gr. laga um slysatryggingar almannatrygginga, sbr. reglugerð nr. 550/2017 um slysatryggingu við heimilisstörf. Eitt af skilyrði bótagreiðslna úr slysatryggingu almannatrygginga er að umsækjandi hafi hakað við heimilistryggingu á skattframtali. Upplýsingar um slysatryggingu verða ekki nýttar við ákvörðun um

búsetu heldur tengjast aðeins réttindum slasaðra um bætur úr slysatryggingu almannatrygginga vegna slysa við heimilisstörf.

Loks leggur ráðuneytið til breytingu á 9. gr. frumvarpsins. Í 1. mgr. segir að Sjúkratryggingum sé heimilt að samþykkja greiðsluþátttöku vegna meðferðar „erlendis“, sé tekið mið af núverandi heilsufarsástandi og líklegri framvindu sjúkdóms. Eins og fram kemur í athugasemdum við ákvæðið er þarna um að ræða biðtímamál á grundvelli EES-reglna, en ráðuneytið telur æskilegra, til að taka af allan vafa þar um, að texti ákvæðisins endurspegli að aðeins sé átt við meðferð á Evrópska efnahagssvæðinu. Er því lagt til að í stað orðsins „erlendis“ í 1. mgr. segi; „í öðru aðildarríki EES samningsins“, sem er jafnframt í samræmi við orðalag í 1. mgr. 23. gr. a laga um sjúkratryggingar.

#### **Leggur ráðuneytið til eftirfarandi breytingatillögur á frumvarpinu;**

9. gr.: Í stað orðsins „erlendis“ í 1. mgr. 23. gr. a komi; í öðru aðildarríki EES samningsins.

18. gr.: Á eftir 4. másl. 3. mgr. 34. gr. komi nýr máslíður, svohljóðandi: Framangreindum aðilum er skylt að láta sjúkratryggingastofnuninni upplýsingarnar í té að því marki sem þær eru nauðsynlegar til að unnt sé að taka ákvörðun á grundvelli þeirra, óháð sérstakri þagnarskyldu.

